
Erindi fyrir næsta sveitarstjórnarfund

From Almar og Svana <heima@lambastadir.is>

Date Thu 2026-08-13 23:49

To Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Meðfylgjandi erindi óskast tekið fyrir á sveitarstjórnarfund 18. ágúst 2026.

Í áranna rás hefur safnast rusl á vegum sveitarfélagsins fyrir sunnan leikskólann Krakkaborg. Þarna eru stálbitar, steinrör, stálrör, dekk og annað rusl ásamt garðúrgangi.

Ég óska eftir því að farið verði með vinnuvélar og þetta svæði hreinsað og ruslinu sem til fellur fargað á löglegan og eðlilegan hátt.

Ljóst er að þessi umgengni samrýmist ekki því sem kemur fram í málefnaskrá Framfaralistans 2026-2030

Í málefnaskrá 2026-2030 Framfarlistans í Flóahreppi kemur fram í kafla sem ber yfirskriftina „Umhverfi & ásýnd, hreint og snyrtilegt veitarfélag“ að „Þegar við hlúum að umhverfinu, hlúum við að samfélaginu“.

Því markmiði megi ná með því að fara í átak með íbúum og atvinnurekendum um bætta ásýnd, jafnframt ætlar Framfaralistinn að tryggja að sveitarfélagið „gangi fram með skýru fordæmi um umgengni og ásýnd“.

Meðfylgjandi myndir eru teknar 7. ágúst sl. á landi sveitarfélagsins sem liggur fyrir sunnan leikskólann í Þingborg og austan við land Lambastaða.



Virðingafyllst.
Almar Sigurðsson
Lambastöðum